

Líðan fullorðinna Íslendinga árið 2021

Á síðustu árum hefur embætti landlæknis sinnt reglubundinni vöktun á nokkrum áhrifaþáttum heilbrigðis í því skyni að fylgjast með heilsuhegðun, aðstæðum og líðan Íslendinga yfir tíma og meta þörf fyrir aðgerðir. Gallup framkvæmir könnunina fyrir embættið og hefur hún verið lögð fyrir mánaðarlega frá árinu 2016. Í úrtakinu eru fullorðnir einstaklingar af öllu landinu, valdir af handahófi úr viðhorfahópi Gallup og þjóðskrá. Úrtakið hefur stækkað með hverju ári en frá árinu 2019 hefur einnig verið notast við svör úr sveitarfélaga-könnunum Gallup. Með þeirri viðbót hefur árlegur fjöldi svara tvöfaldast, úr um það bil 5.000 í rúmlega 10.000. Árið 2021 voru svörin alls 10.768.

Hér verður fjallað um niðurstöður mælinga á andlegri heilsu, svefni, streitu, einmanaleika, hamingju og velsæld Íslendinga árið 2021. Gerð verður grein fyrir helstu breytingum frá fyrri mælingum og mun eftir aldri og kyni. Einnig verða þessir þættir skoðaðar sérstaklega í tengslum við hversu auðvelt eða erfitt fólk á með að ná endum saman. Fjárhagserfiðleikar eru stór áhrifaþáttur heilsu og sterkur forspárþáttur hamingju og því er mikilvægt að fylgjast vel með þessum mælikvarða þegar samfélagslegar áskoranir eiga sér stað.


Þau þrjú ár sem fjallað verður um í þessari grein marka tímabilið frá því

áður en heimsfaraldur COVID-19 skall á og þau tvö ár sem faraldurinn hefur geysað. Gefur þessi yfirferð því ákveðna mynd af því hvernig mælingar á líðan þjóðarinnar hafa þróast á tímum COVID-19 faraldursins. Á mynd 1 má sjá heildaryfirlit síðustu þriggja ára á hlutfalli fullorðinna Íslendinga sem telja sig við góða andlega heilsu, fá nægan svefn, finna oft eða mjög oft fyrir mikilli streitu í daglegu lífi, finna oft eða mjög oft fyrir einmanaleika, telja sig hamingjusama og upplifa velsæld*.

Andleg heilsa verst meðal ungra kvenna

Í heild mátu 70% fullorðinna Íslendinga

andlega heilsu sína góða eða mjög góða árið 2021 eða 73% karla og 68% kvenna (mynd 1). Hefur þetta hlutfall farið lækkandi undanfarnin ár en árið 2020 mátu 72% fullorðinna andlega heilsu sína góða og 76% árið 2019. Ekki er marktækur munur á milli árána 2020 og 2021 en þegar miðað er við árið 2019 er staðan marktækt verri árið 2021. Ungar konur, 18-24 ára, er sá hópur sem metur andlega heilsu sína allra verst (mynd 2). Árið 2021 mátu aðeins 46% þeirra andlega heilsu sína góða eða mjög góða á móti 65% ungra karla á sama aldri. Mikla lækkun, eða um og yfir 10 prósentustig, má einnig sjá í aldursþópnum 25-34 ára og 35-44 ára hjá



Mynd 1. Hlutfall (%) fullorðinna karla og kvenna sem meta andlega heilsu sína góða eða mjög góða, finna oft eða mjög oft fyrir mikilli streitu í daglegu lífi, fá nægan svefn, finna oft eða mjög oft fyrir einmanaleika, telja sig hamingjusömu og upplifa velsæld árin 2019, 2020 og 2021.

*Velsældarmælikvarðiinn (Short Warwick-Edinburgh Mental Wellbeing Scale; SWEMWBS) kom nýr inn í vöktun árið 2020 og því er aðeins samanburður til eins árs hvað hann varðar.

Efni: bls.
Líðan fullorðinna Íslendinga árið 2021 1

Ritstjórn
Sigríður Haralds Elínardóttir sviðsstjóri, ábm.
Védís Helga Eiríksdóttir

Ritstjóri
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis

Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími 510 1900
Bréfasími 510 1919
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is



16. árgangur. 4. tölublað. Apríl 2022


báðum kynjum frá 2019 til 2021. Fækkunin sem fram kemur í hópi þeirra sem meta andlega heilsu sína góða á þessu tímabili er tölfræðilega marktæk meðal allra aldurshópa kvenna nema þess yngsta og elsta en aðeins í fyrrnefndum aldurshópum meðal karla.

Fleiri karlar sofa of lítið


Tveir af hverjum þremur fullorðnum Íslendingum (67%) fá nægan svefn (7-8 klst. á nóttu) eða 67% karla og 68% kvenna. Lítil en marktæk fækkun varð í þessum hópi á milli ára en 69% landsmanna fengu að jafnaði nægan svefn árið 2020. Að sama skapi er sú litla aukning sem sjá má á hlutfalli þeirra sem fá of lítinn svefn (≤ 6 klst.) milli árána 2020 (25%) og 2021 (27%) tölfræðilega marktæk en þegar lítið er til ársins 2019 er staðan óbreytt (27%). Á mynd 3 má sjá að stuttur svefn er algengastur meðal karla á aldrinum 35-64 ára, þar sem um þriðjungur fær of lítinn svefn, en hlutfallið fer hins vegar ekki yfir 30% í neinum aldurshópi kvenna.

Mikill munur á daglegri streitu karla og kvenna


Mælingar úr vöktun embættisins hafa ítrekað sýnt að fleiri konur en karlar upplifa mikla streitu í daglegu lífi. Árið 2021 var þetta hlutfall 30% hjá konum en 21% hjá körlum og 25% í heild (mynd 1). Árið 2021 sagðist tæpur helmingur kvenna á aldrinum frá 18 ára til 44 ára oft eða mjög oft finna fyrir mikilli streitu í daglegu lífi en hlutfall karla á sömu mælingu fór hvergi yfir 30% (mynd 3). Mestu munar á streitu kynjanna í aldurshópnum 55-64 ára en þar eru hátt í tvöfalt fleiri konur (25%) en karlar (14%) sem greina frá mikilli streitu í daglegu lífi. Það er ekki fyrr en í elsta aldurshópnum sem dregur saman með kynjunum þegar 5% karla og 8% kvenna greina frá mikilli streitu. Litlar breytingar hafa orðið á streitu á undanförunum



Mynd 2. Hlutfall (%) karla og kvenna sem meta andlega heilsu sína góða eða mjög góða árin 2019, 2020 og 2021.



Mynd 3. Hlutfall (%) karla og kvenna sem fá of lítinn svefn (≤ 6 klst. á nóttu) árin 2019, 2020 og 2021.




Mynd 4. Hlutfall (%) karla og kvenna sem finna oft eða mjög oft fyrir mikilli streitu í daglegu lífi 2019, 2020 og 2021.




árum en marktæka lækun má þó greina frá árinu 2019 meðal karla á aldrinum 45-64 ára og hækkun í hópi kvenna á aldrinum 45-54 ára milli árana 2020 og 2021.

Hamingja mest á efri árum

Árið 2021 töldu 57% fullorðinna Íslendinga sig mjög hamingjusama (skora 8-10 á hamingjukvarða frá 1-10) sem er lítil breyting frá árinu áður (58%) en marktæk lækun frá árinu 2019 (61%). Sem fyrr meta mun fleiri sig hamingjusöm í eldri aldurshópum en yngri. Hlutfallið var jafnt milli kynja árið 2021 en lækkar úr 59% meðal karla og 62% meðal kvenna frá árinu 2019 (mynd 1). Fækkun meðal þeirra sem meta sig mjög hamingjusama má sjá í öllum aldurshópum kvenna utan þess elsta en munurinn er þó aðeins marktækur í aldurshópnum 45-54 ára. Meðal karla má einnig greina tölfræðilega marktæka fækkun í hópi mjög hamingjusamra á aldrinum 35-44 ára. Lægst er hlutfall mjög hamingjusamra meðal kvenna í yngsta aldurshópnum en í næstu tveimur aldurshópum á eftir eru fleiri konur en karlar sem meta sig mjög hamingjusamar árið 2021.



Mynd 5. Hlutfall (%) karla og kvenna sem telja sig hamingjusöm (skora 8-10 á hamingjukvarða frá 1-10) árin 2019, 2020 og 2021.



Mynd 6. Hlutfall (%) karla og kvenna sem finna oft eða mjög oft fyrir einmanaleika árin 2019, 2020 og 2021.

Einmanaleiki algengastur meðal þeirra yngri

Jafnt og þétt hefur fjölgað í hópi fullorðinna sem greina frá einmanaleika frá því vöktun hófst og hefur hlutfallið tvöfaldast frá árinu 2016 þegar það var einungis 7%. Árið 2021 sögðust 13% fullorðinna finna oft eða mjög oft fyrir einmanaleika eða 12% karla og 13% kvenna (mynd 1). Sé litið til ársins 2019 má sjá marktæka aukningu á einmanaleika bæði hjá körlum og konum. Áfram er hlutfall þeirra sem greina oft eða mjög oft frá einmanaleika hæst meðal yngsta aldurshópsins (24% karla og 22% kvenna) og lægst meðal þess elsta (4% karla og 8% kvenna). Greina má marktæka aukningu á hlutfalli þeirra sem

segjast oft eða mjög oft finna fyrir einmanaleika meðal karla í aldurshópnum 35-44 ára og 45-54 ára en í þeim fyrrnefnda hefur orðið tæplega tvöföldun frá árinu 2019. Mesta breytingin er þó milli árana 2020 og 2021. Meðal kvenna á aldrinum 45-54 ára má einnig greina mikla aukningu en þar hefur hlutfall þeirra sem greina oft eða mjög oft frá einmanaleika meira en tvöfaldast yfir sama tímabil.

Velsæld eykst með aldrinum

Velsældarmælikvarðiinn (*Short Warwick-Edinburgh Mental Wellbeing Scale*;

SWEMWBS) kom nýr inn í vöktun árið 2020 og því aðeins samanburður til eins árs hvað hann varðar. Í heild greina 17% fullorðinna frá mikilli velsæld árið 2021 eða 18% karla og 15% kvenna (mynd 1). Staðan er svipuð frá árinu áður (16%) en þegar þróunin er skoðuð eftir aldri og kyni má sjá marktæka aukningu á velsæld karla í hópi 55-64 ára en óbreytta stöðu hjá öðrum hópum. Svipað mynstur má sjá í mælingum á velsæld eftir aldri og kemur fram í mælingum á andlegri heilsu og hamingju, en mun fleiri upplifa mikla velsæld á efri árum en yngri. Meðal kvenna greina fjórum



16. árgangur. 4. tölublað. Apríl 2022


sinnnum fleiri frá mikilli velsæld í elsta aldurshópnum miðað við þann yngsta og meðal karla er munurinn á þessum aldurshópum rúmlega tvöfaldur.

Fjárhagsvandi


Frá árinu 2016 hefur verið spurt um það í reglubundinni vöktun embættisins hversu erfitt eða auðvelt fólk á með að ná endum saman fjárhagslega fyrir sig og fjölskyldu sína (ef við á). Á mynd 8 má sjá heildaryfirlit yfir hlutfall þeirra sem hafa átt frekar eða mjög erfitt með að ná endum saman á undanförunum árum. Eins og sjá má eru almennt fleiri konur í hópi þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman og var hlutfall þeirra hæst árið 2017 þegar yfir fimm-tungur kvenna taldist í þessum hópi. Síðan þá hefur þróunin verið í jákvæðari átt bæði hjá körlum og konum og benda gögnin ekki til þess að hlutfall þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman hafi aukist á tímum kórónuveirunnar. Þvert á móti má greina marktæka fækkun í þessum hópi milli árunna 2019 og 2020 en sú þróun hefur því miður ekki haldið sér til 2021.

Fjárhagsvandi og andleg heilsa


Þegar mat fullorðinna á andlegri heilsu sinni er skoðað eftir kyni og fjárhagsvanda má sjá að staðan er alls staðar verri meðal þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman (mynd 9). Mikill munur er á þeim sem standa verst og þeim sem standa best að þessu leyti en minna en helmingur þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman fjárhagslega meta andlega heilsu sína góða á móti um 80% þeirra sem eiga auðvelt með það. Þróunin frá árinu 2019 hefur jafnframt verið ívið á verri veg hjá þeim sem eiga erfitt með að ná endum saman en hjá þeim sem eiga auðvelt með það. Fyrirnefndi hópurinn lækkaði um níu prósentustig frá 2019 til 2021 en sá síðarnefndi um fimm prósentustig.



Mynd 7. Hlutfall (%) karla og kvenna sem upplifa mikla velsæld eftir aldurshópum árin 2020 og 2021.



Mynd 8. Hlutfall (%) fullorðinna karla og kvenna sem áttu erfitt með að ná endum saman fyrir sig og fjölskyldu sína (ef við á) árin 2016-2021.




Mynd 9. Heildarhlutfall og hlutfall (%) karla og kvenna sem meta andlega heilsu sína góða eða mjög góða eftir því hversu erfitt eða auðvelt þau eiga með að ná endum saman fjárhagslega árin 2019, 2020 og 2021.



16. árgangur. 4. tölublað. Apríl 2022

Fjárhagsvandi og streita


Þegar mælingar á streitu eru skoðaðar með tilliti til kyns og fjárhagsvanda má sjá að streita í daglegu lífi er langmest meðal þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman (mynd 10). Hlutfall þeirra sem greina frá mikilli streitu í daglegu lífi er meira en tvöfalt hærra hjá þeim sem eiga erfitt með að ná endum saman en þeim sem eiga auðvelt með það. Sem fyrr er streita almennt meiri meðal kvenna en karla. Yfir helmingur kvenna sem eiga erfitt með að ná endum saman finna oft eða mjög oft fyrir mikilli streitu í daglegu lífi á móti fjórðungi þeirra sem eiga auðvelt með það. Á meðal karla eru hlutföllin 45% og 17%. Sé litið til ársins 2019 hafa litlar breytingar orðið á daglegri streitu meðal allra hópa og engar þeirra tölfræðilega marktækar.



Mynd 10. Heildarhlutfall og hlutfall (%) karla og kvenna sem finna oft eða mjög oft fyrir mikilli streitu í daglegu lífi eftir því hversu erfitt eða auðvelt þau eiga með að ná endum saman fjárhagslega árin 2019, 2020 og 2021.

Fjárhagsvandi og svefn


Mynd 11 sýnir um 20 prósentustiga mun á hlutfalli þeirra sem ná fullum svefni eftir því hvort þeim gengur vel eða illa að ná endum saman fjárhagslega. Aðeins um helmingur karla og kvenna sem eiga erfitt með að ná endum saman ná að jafnaði fullum nætursvefni á móti tæplega þremur af hverjum fjórum meðal þeirra sem eiga auðvelt með það. Lítil munur er á körlum og konum hvað þetta varðar og litlar breytingar hafa orðið yfir tíma innan hvers hóps.



Mynd 11. Heildarhlutfall og hlutfall (%) karla og kvenna sem ná fullum svefni (7-8 klst.) eftir því hversu erfitt eða auðvelt þau eiga með að ná endum saman fjárhagslega árin 2019, 2020 og 2021.

Fjárhagsvandi og einmanaleiki

Eins og mynd 12 sýnir er einmanaleiki fjórum sinnum algengari meðal þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman (31%) en þeirra sem eiga auðvelt með það (8%). Lítil munur er á kynjum hvað þetta varðar en 30% kvenna og 33% karla sem eiga erfitt með að ná endum saman segjast oft eða mjög oft finna fyrir einmanaleika á móti 8% kvenna og 7% karla sem eiga auðvelt með það. Þróunin yfir tíma hefur þó verið ólík hjá körlum og konum en einmanaleiki




Mynd 12. Heildarhlutfall og hlutfall (%) karla og kvenna sem finna oft eða mjög oft fyrir einmanaleika eftir því hversu erfitt eða auðvelt þau eiga með að ná endum saman fjárhagslega árið 2019, 2020 og 2021.



16. árgangur. 4. tölublað. Apríl 2022


meðal karla sem eiga erfitt með að ná endum saman hefur aukist úr 21% árið 2019 í 33% árið 2021, eða um 12 prósentustig. Meðal kvenna í sama hópi hefur hlutfallið aukist úr 25% í 30%. Þegar horft er til þróunarinnar í heild má sjá að sú aukning sem orðið hefur á einmanaleika frá 2019 er aðeins að finna í hópi þeirra sem eiga erfitt, eða hvorki auðvelt né erfitt, með að ná endum saman. Meðal þeirra sem eiga auðvelt með að ná endum saman hefur ekki orðið aukning á einmanaleika á undanförunum árum.



Mynd 13. Heildarhlutfall og hlutfall (%) karla og kvenna sem telja sig hamingjusöm (meta hamingju sína á bilinu 8-10 á kvarðanum 1-10) eftir því hversu erfitt eða auðvelt þau eiga með að ná endum saman fjárhagslega árin 2019, 2020 og 2021.

Fjárhagsvandi og hamingja

Árið 2021 taldi um þriðjungur þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman sig hamingjusama á móti 64% þeirra sem eiga auðvelt með að ná endum saman (mynd 13). Lítil munur er á körlum og konum hvað þetta snertir og hefur þróunin yfir tíma verið svipuð hjá öllum hópum. Í flestum tilvikum má sjá lækkingu um 5-7 prósentustig frá 2019 til 2021 en þegar kynin eru skoðuð sérstaklega er lækkingin aðeins marktæk meðal kvenna sem eiga auðvelt með að ná endum saman. Sé heildarhlutfall skoðað óháð kyni kemur hins vegar fram marktæk lækking í öllum hópum frá 2019 til 2021.



Mynd 14. Heildarhlutfall og hlutfall (%) karla og kvenna sem upplifa mikla velsæld (skora 31-35 á velsældarkvarðanum SWEMWBS, kvarði 7-35) eftir því hversu erfitt eða auðvelt þau eiga með að ná endum saman fjárhagslega árið 2019, 2020 og 2021.

Fjárhagsvandi og velsæld

Mikill munur er á velsæld eftir því hvort fólk á auðvelt eða erfitt með að ná endum saman (mynd 14). Árið 2021 bjuggu karlar sem eiga auðvelt með að ná endum saman við tvöfalt meiri velsæld en þeir sem áttu erfitt með það og meðal kvenna er yfir þrefaldur munur á þessum hópum. Litlar breytingar má þó sjá milli árána 2020 og 2021 hjá öllum hópum og hvergi er um tölfræðilega marktækan mun að ræða.

Samantekt

Fjallað hefur verið um líðan fullorðinna Íslendinga árið 2021 samanborið við

árin á undan hvað varðar andlega heilsu, streitu, svefn, einmanaleika, hamingju og velsæld. Þessar mælingar voru einnig skoðaðar sérstaklega í tengslum við fjárhagserfiðleika, sem rannsóknir hafa sýnt að eru mikilvægur félagslegur áhrifaþáttur heilbrigðis og vellíðanar. Tímabilið sem tekið var til skoðunar í þessari grein nær frá árinu áður en heimsfaraldur COVID-19 skall á og yfir þau tvö ár sem faraldurinn hefur geysað. Því gefur þessi yfirferð tækifæri til að skoða þróun þessara þátta yfir tímabil heimsfaraldursins.

Eins og árið á undan einkenndist árið 2021 af miklum samfélagslegum áskorunum vegna COVID-19, s.s. samkomutakmörkunum, áherslu á fjarvinnu og viðvarandi álagi á heilbrigðis- og skóla-kerfi vegna mikils fjölda smita í samfélaginu. Gríðarlegur fjöldi landsmanna sætti smitgát og sóttkví á árinu 2021 með tilheyrandi skorðum á virkni og félagslegu samneyti. Ennfremur voru ríkar hömlur á þeim sem greindust með COVID smit og dvöldu í einangrun, fyrir utan þær áskoranir sem vitanlega fylgja veikindunum sjálfum og eftirköstum þeirra.



16. árgangur. 4. tölublað. Apríl 2022

Gögn úr vöktun embættis landlæknis sýna almennt litlar breytingar á milli árána 2020 og 2021 hvað þá áhrifaþætti snertir sem teknir voru til skoðunar hér en sé litið til ársins 2019, þ.e. áður en heimsfaraldurinn hófst, má sjá að ýmsar mælingar hafa færst til hins verra. Færri meta andlega heilsu sína góða en áður og sömuleiðis hefur hlutfall þeirra sem telja sig hamingjusöm lækkað. Fleiri greina frá einmanaleika en litlar breytingar hafa orðið á svefni, streitu og velsæld. Almennt er það svo að mun færri eru hamingjusöm og meta andlega heilsu sína góða í yngri aldurshópum en þeim eldri og einmanaleiki er sömuleiðis mestur meðal þeirra yngri.

Þegar þróunin frá árinu 2019 er skoðuð má sjá að sú afturför sem orðið hefur á andlegri heilsu, hamingju og einmanaleika má rekja til neikvæðrar þróunar meðal ólíkra aldurshópa karla og kvenna. Í hópi kvenna á aldrinum 45-54 ára og karla á aldrinum 35-44 ára fækkaði þeim sem telja sig hamingjusöm yfir þetta tímabil en breytingar meðal annarra aldurshópa voru ekki marktækar. Tölfræðilega marktæk aukning á einmanaleika frá 2019 kemur aðeins fram í aldurshópnum 45-54 ára meðal kvenna og meðal karla á aldrinum 35-54 ára. Fækkun í hópi þeirra sem meta andlega heilsu sína góða kemur aftur á móti fram í öllum aldurshópum kvenna nema þeim yngsta (18-24 ára) og þeim elsta (65 ára og eldri) en aðeins meðal karla í aldurshópnum frá 25-44 ára.

Þegar þessar mælingar eru skoðaðar í tengslum við fjárhagserfiðleika standa þau sem eiga erfitt með að ná endum saman mun verr á öllum þáttum en þau sem eiga auðvelt með að ná endum saman. Hvergi er þó eins mikill munur á milli hópa eftir fjárhagsvanda eins og þegar einmanaleiki er skoðaður en þar

er munurinn á þeim sem eiga auðvelt og erfitt með að ná endum saman tæplega fjórfaldur. Tæplega þrefalt færri upplifa velsæld meðal þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman samanborið við þau sem eiga auðvelt með það, tvöfalt færri telja sig hamingjusöm og meira en tvöfalt fleiri greina frá mikilli streitu í daglegu lífi. Í fyrrnefnda hópnum eru jafnframt helmingi færri sem meta andlega heilsu sína góða og ná fullum nætursvefni en í þeim síðarnefnda.

Staðan meðal þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman er mjög alvarleg á öllum mælingum sem tengjast andlegri líðan. Árið 2021 mat minna en helmingur fólks í þessum hópi andlega heilsu sína góða, aðeins helmingur náði fullum nætursvefni og þriðjungur taldi sig hamingjusaman. Helmingur hópsins greindi frá mikilli streitu í daglegu lífi, þriðjungur fann oft eða mjög oft fyrir einmanaleika og aðeins 8% upplifði velsæld. Allt aðrar tölur sjást fyrir þau sem eiga auðvelt með að ná endum saman. Þar mátu 80% andlega heilsu sína góða, 70% fengu nægan svefn, tvö af hverjum þremur töldu sig hamingjusöm og 20% upplifðu velsæld. Fimmtungur greindi frá mikilli streitu í daglegu lífi og færri en einn af hverjum tíu fundu fyrir einmanaleika.

Þessar niðurstöður undirstrika þann ójöfnuð til heilsu sem er til staðar í íslensku þjóðfélagi og mikilvægi þess að bregðast við. Þótt fjárhagsvandi ein-skorðist ekki við tekjulægri hópa er hann mun algengari meðal þeirra sem búa við lakari kjör. Í gögnum embættisins má t.d. sjá að árið 2021 átti tæplega helmingur fólks í atvinnuleit (41%) og öryrkja (44%) erfitt með að ná endum saman en meðal almennra launþega og sjálfsætt starfandi voru hlutföllin 11% og 9%. Þessar niðurstöður undirstrika jafnframt að aðgerðir til að

bæta heilsu og líðan þjóðarinnar þurfa að teygja sig umfram þær sem beinast að heilsuhegðun einstaklinga og ná til stærri félags- og efnahagslegra skilyrða á borð við fátækt, húsnæði, menntun og atvinnu. Mikilvægt er að stjórnvöld átti sig á því að þetta eru veigamiklir áhrifaþættir sem snerta heilsu og velsæld þjóðarinnar til langframa.

*Sigrún Daniélsdóttir
Jón Óskar Guðlaugsson*